



Efni: Heimild til að hefja frumathugun fyrir verkefnið MÍR-kortið

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja frumathugun fyrir verkefnið MÍR-kortið sem snýr að því að sannreyna tækni og tengingar stafrænnar kortalausnar fyrir þjónustur menningar- og íþróttasviðs sem í dag eru virkjaðar í gegnum þrjú ólík plastkort, ásamt því að greina ferlana og þjónustuveitinguna.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON og tilheyrir verkefnaklasa 800001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá febrúar 2024 til maí 2024 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 17,98 m.kr. sem tilheyrir eignasjóði á framkvæmdatímanum.

Erindið hefur verið lagt fram og kynnt á fundi stafræns ráðs, sbr. 3. lið fundargerðar ráðsins frá 28. febrúar 2024.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Greinargerð:

Markmið verkefnisins er að sannreyna að hægt sé að setja yfirlag yfir núverandi afgreiðslukerfi stofnana menningar- og íþróttasviðs og tengja við greiðslugátt í gegnum vefinn reykjavik.is. Verði frumathugun jákvæð er stefnt að innkaupum á lausn sem gerir borgarbúum og gestum kleift að fylgjast með áskriftum sínum að þjónustu menningar- og íþróttasviðs (sundkort, menningarkort og safnakort). Þjónustuna skal vera hægt að sækja og endurnýja í gegnum framenda á reykjavik.is. Lausnin á að vera aðgengileg í snjallveskjum (e. wallet) og notendur eiga að geta skannað sig sjálf inn við afgreiðslu eða hlið og þar með létt á álagi framlínustarfsmanna. Rekstrarkostnaður til framtíðar verður ljós við lok verkefnisins.

Búið er að gera greiningar þar sem tekin voru notendaviðtöl, unnið úr fyrirbyggjandi gögnum og gerð rannsókn á fjórum lausnum sem eru í boði. Einn kostur er fýsilegastur en kerfið býður upp á lausn sem er miðakerfi, vildarkerfi, meðlimakort og getur virkað sem aðgangsstýring í gegnum NFC kortalausn sem hægt er að leggja ofan á afgreiðslukerfi stofnana. Krafa er um að ekki þurfi að breyta kerfum eða uppgjöri svo lausnin virki. Lausnin býður upp á allar tengingar sem þarf við afgreiðslukerfi menningar- og íþróttasviðs í gegnum forritaskil (API).

Verkefnið er mikilvægur þáttur í stafrænni umbreytingu Reykjavíkurborgar, dregur úr álagi í framlínu, bætir þjónustuna og dregur úr plastnotkun.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 17,98 m.kr. sem tilheyrir eignasjóði á framkvæmdatímanum.

Kostnaðarstaður: 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON. Verkefnaklassi: 800001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi. Verkbeiðnanúmer: 248902.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,



Þröstur Sigurðsson,
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur